

Nd.

274. Frumvarp

til laga um að leggja á tekju- og eignarskattsauka til atvinnubóta.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal árin 1933 og 1934 innheimta 100% álag á tekjuskatt af skattskyldum tekjum, er nema 5000 krónum eða meiru í Reykjavík, 4000 kr. eða meiru í öðrum kaupstöðum og 3000 kr. eða meiru utan kaupstaða, og 200% álag á eignarskatt af skattskyldum eignum, er nema 10000 kr. eða meiru, og ákveðst skatturinn af skattanefndum og skattstjórum samkv. framtalsskýrslum fyrir árin 1932 og 1933.

2. gr.

Skattur samkv. 1. gr. rennur í atvinnubótaskýð, er stjórnað skal af 3 mönnum. Tilnefnið ríkisstjórnin einn, Alþýðusamband Íslands annan, en hinn þriðji skal kosinn af bæjarstjórnnum kaupstaðanna, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Atvinnubótaskýðnum skal varið til þess að leggja fram styrk til þeirra sveitar- og bæjarfélaga, er halda uppi atvinnubótavinnu innan sinna undama.

3. gr.

Nú framkvæmir sveitar- eða bæjarfélag hafnarbætur, ræktun eða önnur mannvirki í atvinnubótaskýni, sem gefa af sér tekjur, og nýtur til þess styrks úr atvinnubótaskýði, og skal þá ríkisstjórnin ábyrgjast lán, er hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélag tekur til þeirra framkvæmda. Þó má það lán aldrei nema meiru en svo, að áætlaðar tekjur af mannvirkinu nægi til að standa straum af láninu, og ekki meiru en $\frac{3}{4}$ þess, er hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag hefir lagt fram til framkvæmdanna auk styrksins.

4. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 79 23. júní 1932 ná eigi til tekjuskatts, sem lagður er á skattauki samkv. lögum þessum. Heimildarákvæði 2. gr. sömu laga um innheimtu ná og til álags samkv. lögum þessum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkv. yfirliti fjármálaráðherra yfir tekjur rikissjóðs síðastl. ár nam innborgaður tekju- og eignarskattur 400 þús. kr. meiru en áætlað var í fjárlögum, eða 1350 þús. í stað 950 þús. kr. Eftir reynslu fyrri ára og með tilliti til laga frá síðasta þingi um innheimtu 25% skattauka má ætla, að upphæðin hafi skipzt þannig:

| | |
|-------------------------|------------------|
| Eignarskattur | ca. kr. 200 þús. |
| Tekjuskattur | — — 900 — |
| Skattauki | — — 250 — |
| | 1350 þús. |

Virðist ekki óvarlegt að gera ráð fyrir svipaðri skatthæð á þessu ári, og yrðu þá tekjur skv. frv.:

| | |
|--|-------------------|
| Álag á eignarskatt | 200% kr. 400 þús. |
| Álag á ca $\frac{2}{3}$ tekjuskatts 100% — | 600 — |

Kr. 1000 þús.

hvort árið, eða um 2 millj. króna bæði árin.

Sé gert ráð fyrir, að sveitar- og bæjarfélög leggi að minnsta kosti jafnt á móti, yrðu til ráðstöfunar til atvinnubóta 4 millj. króna á næstu 2 árum, og meira, ef meira framlag er fáanlegt af hálfu sveitar- og bæjarfélaga, t. d. með lántöku sbr. 3. gr. frv.

Engar horfur eru á því, að atvinnuleysið fari minnkandi fyrst um sinn. Þvert á móti. Síðastliðið ár munu a. m. k. 3000—4000 manns hafa verið atvinnulausir í kaupstöðum og kauptúnum mánuðum saman og sumir mikinn hluta árs. Orkar það vart tvímælis, hvort sámilegra sé og hagkvæmara þjóðfélaginu að sjá þessum mönnum fyrir vinnu, svo að þeir geti unnið fyrir sér og skylduliði sínu, alls 10000—15000 manns, með gagnlegum störfum, eða fleyta þessum fjölmenna hóp fram á fátækrastrýrkjum mismunandi útilátum og með þeim afleiðingum, sem þeim fylgja. Með atvinnubótum má í senn bæta úr sárri neyð fjölda manna og skapa varanleg verðmæti, sem eru almenningsseign og geta bætt stórlega framtíðaratvinnuskilyrði heilla héraða og þar með lagt grundvöll til varanlegrar atvinnuaukningar.

Til þess að sýna, hversu skattur þessi kæmi niður, skal bent á eitt dæmi: Maður, sem hefir 12500 kr. í hreinar tekjur og 5 manns í heimili, greiðir nú 462 kr. í tekjuskatt. Samkv. frv. ætti hann að greiða 924 krónur. Er þó enn nokkuð eftir til að leggja á útsvar til bæjar- eða sveitarþarfa. Skatturinn lendir aðeins á þeim, sem hafa háar tekjur, en alls eigi á lágtekjur eða miðlungstekjur fjölskyldufólks.